



16. fundur stjórnar LH 2024-2026

15. apríl 2025 kl. 17:00

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Mætt úr aðalstjórn: Linda Gunnlaugsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Ólafur Þórisson, Sveinn Heiðar Jóhannesson, Sóley Margeirsdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir.

Mætt úr varastjórn: Sigurbjörn Eiríksson, Jón Þorberg Steindórsson, Ragnhildur Gísladóttir, Hilmar Guðmannsson, Reynir Atli Jónsson.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

2. Staða verkefna hjá formanni og framkvæmdastjóra

- Gengið hefur verið frá samningum við styrktaraðila afreksmála, samningar við Cargo og OJK endurnýjaðir og nýr samningur gerður við Kapp. Skrifað verður undir samninga við Lífland og Topreiter á Allra sterkustu.
- Dómaranefnd er að klára verkferla um kvartanir og tilkynningar um ósæmilega hegðun
- Dómarafundur var haldinn í gær, þar sem farið var yfir breytingar á reglum ársins.
- Dagur Sigurðsson hélt fyrirlestur fyrir A-landsliðið fyrr í dag.
- Komið hefur í ljós að Reykjavíkurborg vill ekki styrkja Miðbæjarreiðina þetta árið, viðburðurinn kostar um 500.000 kr.

3. Drög að ársreikningi LH 2024

Gjaldkeri fór yfir drög að ársreikningi.

4. Uppfærð fjárhagsáætlun afreksmála 2025

Gjaldkeri fór yfir fjárhagsáætlun afreksmála.

5. Skattamál íþróttafélaga – bréf frá ÍSÍ

Skattayfirvöld sendu í lok árs íþróttafélögum í efstu deildum í fótbolta, handbolta og körfubolta ábendingu um að standa skil á staðgreiðslu og tryggingagjaldi af greiðslum til íþróttamanna og þjálfara. Í kjölfarið var stofnaður starfshópur á vegum ÍSÍ sem sem óskaði eftir fundi með ráðherra til að ræða skattamál íþróttahreyfingarinnar. Nú hefur verið stofnaður vinnuhópur á vegum fjármála- og efnahagsráðherra sem hefur til skoðunar skattamál íþróttahreyfingarinnar.

6. Verkefnalisti stjórnar

Farið yfir verkefnalista stjórnar.

7. Staða verkefna í nefndum

Landsliðsnefnd: Allra sterkustu 19. apríl. Komin er mynd á dagskrána og vel gengur að safna tollum í stóðhestaveltuna.



Æskulýðsnefnd: Nefndin hefur haldið tvo fundi með æskulýðsnefndum um landið. Mikill kraftur er í æskulýðsstarfinu um allt land.

8. Heimsókn til IPZV – boð á Kronshof Special 2025

Framkvæmdastjóri þýska sambandsins, IPZV, hefur boðið formanni LH að koma í heimsókn til Þýskalands til að bæta tengsl þjóðanna og kynna sér starf samtakanna. Hann leggur til að mótið Kronshof Special 2025 sem haldið er á Gestut Kronshof væri heppilegur heimsóknarstaður um hvítasunnuhelgina, 6. til 9. júní.

Afgreisla: Framkvæmdastjóra falið að gera kostnaðaráætlun fyrir heimsóknina.

9. Stefnumótunarvinna

Stefnumótunarvinnufundur verður haldinn mánudag 28. apríl kl. 16-20. Á fundinn eru boðaðar stjórnir, nefndafólk og starfsfólk hestamannafélaganna og LH.

10. Önnur mál

- a. Formannafundur LH og uppskeruhátíð, skrifstofu falið að kanna möguleika á að leigja Sali fyrir þessa viðburði 31. Október.

Fundi slitið kl. 19.00